

Sóknarnefnd Víðidalstungukirkju hefur borist bréf frá Biskupsstofu þar sem greint er frá tillögu biskupafundar þess efnis að að Breiðabólstaðar – og Melstaðarprestakall í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist í eitt prestakall.

Sóknarnefnd Víðidalstungukirkju mótmælir eindregið þeirri breytingu sem þessi tillaga felur í sér. Ef þessi sameining prestakallanna yrði, hefði hún óhjákvæmilega í för með sér að að þjónusta kirkjunnar við sóknarbörn á þessu svæði mundi skerðast. Reynsla liðinna ára hefur sýnt að þar sem prestaköll hafa verið sameinuð þar er prestum fækkað. Undanfarin ár hefur fólki fækkað í þjóðkirkjunni. Er því aldrei meiri ástæða en nú til að sinna vel því starfi sem þar fer fram, ef vilji er til þess að þjóðkirkjan hlúi vel að fólki og sé sá burðarás í þjóðfélaginu sem hún hefur verið um aldir. Við mótmælum því óréttlæti að þeim sem búa á landsbyggðinni sé ætlað að búa við minni þjónustu frá hendi kirkjunnar en íbúum höfuðborgarsvæðisins. Prestar sem þjóna á landsbyggðinni gegna mun fjölbreyttara starfi en prestar á þéttbýlisstöðum, sem hafa oft aðstoðarfólk til að vinna með sér. Á landsbyggðinni sinna prestar oftast einir fræðslu barna og ungmenna, sinna þeim sem hafa orðið fyrir áföllum og líta til með öldruðum sem hafa skerta möguleika á samskiptum við annað fólk. Þá eru prestar oft virkir þátttakendur í starfsemi byggðarlagsins og leggja sitt að mörkum til samfélagsins. Á landsbyggðinni eru vegalengdir margfaldar miðað við vegalengdir á höfuðborgarsvæðinu þannig að mun lengri tíma tekur fyrir prestinn að fara milli staða sem hann óhjákvæmilega þarf að gera til að sinna sínu starfi.

Það er því okkar eindregin ósk að Melstaðarprestakall sem Víðidalstungukirkja tilheyrir verði áfram sérstakt prestakall.

Virðingarfyllst

Sóknarnefnd Víðidalstungukirkju

Sigrún Þórisdóttir

Sigríður Hjaltadóttir

Halldór Jósafatsson